

## Hagnýt atriði vegna umsókna um töku til viðskipta, töku úr viðskiptum og fyrirtækjaaðgerða

### Almenn atriði

Að neðan fylgja upplýsingar um hagnýt atriði er tengjast umsóknum um töku til viðskipta, töku úr viðskiptum og fyrirtækjaaðgerðum hjá Nasdaq Iceland hf. („Kauphöllinni“). Leiðbeiningar þessar ná til allra fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta hjá Kauphöllinni.

- Umsóknir, fyrirspurnir, fylgiskjöl og samskipti vegna töku til viðskipta, töku úr viðskiptum og fyrirtækjaaðgerða skulu send með rafrænum hætti á netfangið [listing.ice@nasdaq.com](mailto:listing.ice@nasdaq.com).
  - Kauphöllin óskar ekki eftir frumriti af undirrituðum skjölum sem send hafa verið með rafrænum hætti.
  - Kauphöllin mælist til þess að notast sé við dulkóðun (e. encryption) ef senda á viðkvæmar upplýsingar með tölvupósti.
- Upplýsingar um sjálft umsóknarferlið vegna töku til viðskipta er að finna í Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares, Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga (hlutabréf undanskilin), First North Rulebook (First North) eða First North Iceland Fixed Income Rulebook (First North skuldabréf). Reglurnar má finna á eftirfarandi vefsíðum:
  - <https://www.nasdaq.com/solutions/rules-regulations-iceland>
  - <https://www.nasdaq.com/solutions/rules-regulations-first-north-mtf-rules>
- Á viðeigandi eyðublöðunum er tilgreint hvaða fylgiskjölum Kauphöllin óskar eftir í tengslum við umsóknir um töku til viðskipta. Eyðublöðin er að finna á eftirfarandi vefsíðu:
  - <https://www.nasdaq.com/solutions/european-surveillance-general-listing-forms>
- Ekki er notast við stöðluð umsóknareyðublöð vegna umsókna um töku úr viðskiptum eða fyrirtækjaaðgerða.
  - Í slíkum tilfellum dugar að senda undirritaða beiðni, þar sem greint er frá aðgerðinni.
- Lykilgögn skal senda á word formi – til viðbótar við staðfest gögn, þar sem við á.
  - Dæmi: Lýsingar, skráningarskjöl, skilmálar flokka.
- Lýsingar og endanlegir skilmálar þurfa ekki að berast Kauphöllinni með undirritun.
- Skilmálar skuldabréfaflokks (e. term sheet) skulu einungis sendir ef viðeigandi flokkur hefur ekki áður verið tekinn til viðskipta. Í því felst að ekki þarf að senda skilmála vegna stækkana.
- Tilkynningar um útboð skuldabréfa og niðurstöður þeirra skulu færðar undir fréttaflokkinn „Breyting á réttindum tengdum einstökum flokkum verðbréfa“ (e. Changes in the rights attached to the classes of shares or securities).

## Tímáfrestir

Í töflunni að neðan fylgja upplýsingar um almenna tímáfresti vegna umsókna um töku til viðskipta. Tímáfrestir þessir eiga einungis við í þeim tilvikum þar sem beiðni/umsókn er heildstæð, þ.e. öll gögn hafa borist og ekki er þörf á því að kalla eftir nánari upplýsingum eða frekari gögnum. Um er að ræða fjölda virkra daga (bankadaga) frá því að heildstæð umsókn berst fram að fyrsta viðskiptadegi. Sömu tímáfrestir eiga við á Aðalmarkaði og First North.

	Beiðni um að hefja ferli vegna töku til viðskipta / skráningar (nýr útgefandi).	Umsóknar-eyðublað vegna töku til viðskipta / skráningar (ný útgáfa).	Umsóknar-eyðublað vegna töku til viðskipta / skráningar (breyting á stærð).	Fyrirtækja-aðgerðir og skilmála-breytingar.
Hlutabréf	15	8	3	3
Skuldabréf	10	3	2	2
Hlutdeildarskírteini	10	3	2	2

Eðlilegt er að undirbúningur og viðræður um töku til viðskipta hefjist áður en beiðni um að hefja ferli er send Kauphöllinni. Kauphöllin mælist til þess að útgefendur leiti ráða hjá Kauphöllinni tímanlega og óski eftir fundi með fulltrúum hennar til að fara yfir ferlið vegna töku til viðskipta.

## Auðkenni

Áður en fjármálagerningar nýs útgefanda eru teknir til viðskipta þarf að taka frá útgefandaauðkenni (issuer symbol) í viðskiptakerfi Kauphallarinnar ásamt samsvarandi auðkennum fyrir viðkomandi verðbréf (e. instrument) og tilboðabækur (e. order books). Sama ferli á við þegar útgefandi óskar eftir breytingum á auðkenni. Ekki þarf að taka frá auðkenni fyrir síðari útgáfur sama útgefanda, svo lengi sem auðkennin fylgja hinni almennu reglu að hefjast á útgefendaauðkenninu.

Æskilegt er að auðkenni séu lýsandi fyrir nafn viðkomandi félaga til að auðvelda fjárfestum að tengja saman auðkenni og félag.

Eftirfarandi viðmið gilda um auðkenni:

- Auðkenni geta innihaldið hástafi, tölur og bil
- Útgefendaauðkenni getur verið 1 – 6 stafir.
  - Mælt er til þess að útgefendur skuldabréfa notist við færri en 6 stafi í auðkenni sínu, svo hægt sé að uppfylla tilmæli um auðkenni skuldabréfaflokka að neðan.
- Auðkenni verðbréfa og tilboðabóka geta að hámarki verið 12 stafir.
- Auðkenni hlutabréfa er yfirleitt hið sama og útgefendaauðkennið.
- Almenn gildir að auðkenni skuldabréfa og tilboðabóka þeirra hefjist á útgefendaauðkenninu.

Ákveðin venja hefur skapast fyrir auðkennum skuldabréfa á markaðnum eftir tegund eða greiðsluflæði. Markbréf útgefin af lánamálum og íbúðalánasjóði hafa lagt línurnar í þeim efnum og hefur markaðurinn fylgt þeim venjum. Kauphöllin mælist því að öðru jöfnu til þess að eftirfarandi uppsetningar á auðkennum skuldabréfa séu notuð:

- Almenn skuldabréf (leið 1, oftast notað fyrir óverðtryggð bréf)
  - [Auðkenni útgefanda] [ár lokagjalddaga] [mánuður lokagjalddaga][dagur lokagjalddaga]
    - Dæmi: XXX 21 0115
- Almenn skuldabréf (leið 2)
  - [Auðkenni útgefanda] [útgáfuár] [flokkur bréfs]
    - Dæmi: XXX 16 1
- Verðtryggð jafngreiðslubréf
  - [Auðkenni útgefanda][dagur lokagjalddaga][mánuður lokagjalddaga][ár lokagjalddaga]
    - Dæmi: XXX150224
- Víxlar

- [Auðkenni útgefanda] [ár lokagjalddaga] [mánuður lokagjalddaga][dagur lokagjalddaga]
  - Dæmi: XXX 18 0113
- Óverðtryggð sértryggð skuldabréf
  - [Auðkenni útgefanda] CB [ár lokagjalddaga]
    - Dæmi: XXX CB 26
- Verðtryggð sértryggð skuldabréf
  - [Auðkenni útgefanda] CBI [ár lokagjalddaga]
    - Dæmi: XXX CBI 26

Mælst er til þess að haft sé samráð við Kauphöllina vegna auðkenna skuldabréfa sem falla ekki undir ofangreinda flokka.